



Vinnuskóli Fjarðabyggðar sumar 2018

Vinnuskólinn verður starfandi frá 04. júní – 17. ágúst. Vinnufyrirkomulag: Störf tengd umhverfismálum á vegum framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar 85% og fræðsla 15%.

Vinnutími og laun

14 ára (árgangur 2004)

Fimm heilar vinnuvikur miðað við 4 tíma á dag (100 tímar). Hægt er að velja þær vikur sem henta best innan starfstíma vinnuskólans. Laun eru 40% af launaflokki 116-1 samkvæmt launatöflu sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

15 ára (árgangur 2003)

Sex heilar vinnuvikur miðað við 4 tíma á dag (120 tímar). Hægt er að velja þær vikur sem henta best innan starfstíma vinnuskólans. Laun eru 50% af launaflokki 116-1 samkvæmt launatöflu sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Launatafla 2018

Aldur	Laun	Vinnuvikur /fræðsla	Vinnutími	Fræðsla
14 ára (2004)	40% launafl. 116-1	5/1	8-12	Sjávarútvegsskóli (12-20)
15 ára (2003)	50% launafl. 116-1	6/1	8-12	Sköpun, nýsköpun og verkmennt

Vinnutími:

14 ára unglingar vinna 4 tíma á dag í 5 vikur, 4 vinnuvikur og 1 fræðsluvika á vegum Sjávarútvegsskólans.

15 ára unglingar vinna 4 tíma á dag í 6 vikur, 5 vinnuvikur og 1 fræðsluvika á vegum VA.

Réttindi til þátttöku í vinnuskóla Fjarðabyggðar

Unglingar með lögheimili í Fjarðabyggð hafa öll rétt til þátttöku í vinnuskólanum. Unglingar með lögheimili utan sveitarfélagsins þurfa að sækja um sérstaklega um leyfi til þátttöku og verða þær umsóknir teknar til greina út frá fjölda umsókna.



Sjávarútvegsskólinn, Verknámsvika VA og Landvörður.

Sjávarútvegsskólinn – 14 ára (2004)

Háskóli Akureyrar ásamt útgerðarfélagunum Síldarvinnslunni hf., Eskju ehf., Loðnuvinnslunni hf., Síldarvinnslunni hf., HB Grandi hf. og Gullberg ehf. hafa gert með sér samstarfssaming um rekstur sjávarútvegsskólans. Sjávarútvegsskólinn var árið 2015 samstarfsverkefni Austurbrúar, Vinnuskóla Fjarðabyggðar ásamt útgerðarfélagunum Eskju, Loðnuvinnslunni og Síldarvinnslunni. Skólinn er byggður á fyrirmynd sjávarútvegsskóla Síldarvinnslunnar frá því sumarið 2014. Hlutverk skólans er að fræða unglinga á aldrinum 14 ára (fædd 2004) um mikilvægi sjávarútvegs og kynna þau tækifæri sem í honum felast.

Þessu samstarfi verður haldið áfram nú í sumar og verður sjávarútvegsskólinn hafður á sömu forsendum og fyrri ár. Unglingar (fæddir 2004) skráðir í Vinnuskóla Fjarðabyggðar fá 12 tíma kennslu, sem er fræðsluhluti vinnuskólans, hjá sjávarútvegsskólanum. Sjávarútvegsskólinn er í umsjón Háskóla Akureyrar.

Dagsetningar sjávarútvegsskólans:

- Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður → vika 27 (2.- 6. júlí)
- Neskaupstaður → vika 28 (9. - 13. júlí)
- Eskifjörður og Reyðarfjörður → vika 29 (16. - 20. júlí)

Fræðsla; sköpun, nýsköpun og verkmennt – 15 ára (2003)

Fyrir 15 ára unglinga Vinnuskóla Fjarðabyggðar er í boði fræðsla tengd sköpun, nýsköpun og verkmennt. Með þessari fræðslu er lagt upp með að örva sköpun, fagurfræði, efnisþekkingu, líkamsbeitingum og –túlkun ásamt tjáningu einstaklingsins. Unnið er bæði út frá einstaklingnum sjálfum en líka hópshéildinni.

Skipulagning fræðslunnar er á hendi forstöðumanns menningarstofu, Karna Sigurðardóttir.

Dagskrá og tímabil fræðslunnar: Auglýst síðar.

Önnur fræðsla

Fræðsla tengd „náttúrutúlkun“. Lagt verður upp með að bæði 14 og 15 ára nemendur taki þátt. Fræðslan fer fram samhliða vinnu sem tengist verkefnum á borð við uppgræðsla, plöntun, sáning o.m.fl.

Skipulagning náttúrutúlkunar er á hendi umhverfisstjóra, Anna Berg Samúelsdóttir.

Náttúrutúlkun: Innan tímaramma viknanna 25 og 26.

Anna Berg Samúelsdóttir
Umhverfisstjóri

